



### 3. fundur stjórnar Aftureldingar 18. ágúst 2010

Fundur settur kl. 20:00

Mætt: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Sævar Kristinsson, Guðjón Helgason, Ásmundur Pálsson og Anna Sigríður Guðnadóttir. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn ásamt fráfarandi framkvæmdastjóra Gyðu Helgadóttur.

Dagskrá:

- 1) Kynning á nýjum framkvæmdastjóra.
- 2) Verkefni framundan – undirbúningur vetrarstarfsins.
  - a) Tímatafla
  - b. Í Túninu heima
  - c. Uppskeruhátíð
- 3) Samningar við bæinn og Íslandsbanka um skuldaskil.
- 4) Siðareglur. Staða og næstu skref.
- 5) Nýr samstarfssamningur við bæinn – fjármál og aðstöðumál.
- 6) Næsti formannafundur.
- 7) Önnur mál.

#### 1) Kynning á nýjum framkvæmdastjóra.

Jón formaður setti fundinn og hóf hann á að bjóða nýjan framkvæmdastjóra, Brynjar Jóhannesson, velkominn til starfa.

#### 2) Verkefni framundan – undirbúningur vetrarstarfsins.

##### a) Tímatafla

Tímataflan var lögð fram, tilbúin og samþykkt. Skólarnir eru að taka fleiri tíma en áður og búið að stytta opnunartíma íþróttahússins þannig að nokkuð þrengir að í vetur. Útleigutímum fækkar eitthvað. Tímataflan verður send út til deilda í vikunni.

Rætt að taka fyrir á formannafundi að deildir hafi samráð sín á milli um æfingatíma einstakra aldursflokka þannig að krakkar geti stundað fleiri en eina íþróttagrein ef þau óska þess.

##### b) Í Túninu heima

Framkvæmdastjóri upplýsti að blak, handbolti, sund og fótolti verða með kynningarbása á hátíðinni, Fimleikar halda sýningu. Fótoltinn verður með kaffihús yfir daginn og ball og sund með „candy floss“ sölu.

Stjórnin ræddi mikilvægi þess að deildir félagsins nýttu tækifærið sem felst í hátíðinni til að koma sér og sínum áherslum á framfæri við fjölskyldurnar í bænum. Ákveðið að hvetja minni deildirnar til að taka þátt í kynningunum og jafnvel sameinast um bása til að auðvelda mönnun. Framkvæmdastjóri kemur þeirri hvatningu áleiðis.

### **c) Uppskeruhátíð**

Ákveðið að uppskeruhátíð félagsins verði haldin 9. október.

Framkvæmdastjóri kannar hvort nefndarfolk frá í fyrra sé tilbúið til að starfa áfram.

### **3) Samningar við bæinn og Íslandsbanka um skuldaskil.**

Drög samningsins voru kynnt stjórn félagsins sem og stjórn knattspyrnudeildar fyrr í sumar og voru allir aðilar samþykkir þeim. Formaður fer í að ljúka samningum formlega. Samningur verður kynntur á formannafundi.

### **4) Siðareglur. Staða og næstu skref.**

Fráfarandi framkvæmdastjóri ætlar að ljúka vinnu við drög siðareglna áður en hún kveður endanlega og verða þau lögð fyrir næsta stjórnarfund.

### **5) Nýr samstarfssamningur við bæinn – fjármál og aðstöðumál.**

Viðræður þurfa að hefjast strax í september. Rætt um helstu samningsmarkmið. Formaður og framkvæmdastjóri munu setja niður tillögur að markmiðum og þau verða kynnt og rædd á næsta stjórnarfund og í framhaldi af því rædd á formannafundi.

### **6) Næsti formannafundur.**

Ákveðið að hefðbundinn formannafundur verði ekki haldinn í september heldur boði stjórn til fundar með stjórnnum allra deilda þar sem mál félagsins verða rædd og farið yfir verkaskiptingu innan deilda og ábyrgð og skyldur stjórnna félagsins.

**Áætlaður fundardagur er 15. september.** Hugmyndin er að hefja fund kl 18 og bjóða upp á súpu og brauð. Helga gjaldkeri stjórnar og Brynjar framkvæmdastjóri gera tillögu að dagskrá fundarins og finna fundaraðstöðu.

### **7) Önnur mál.**

**Verkaskipting stjórnar** - Framkvæmdastjóri sendir út drögin sem áður hafa verið rædd á stjórnarfundum. Stjórnarmenn gera athugasemdir í tölvupósti þannig að plaggið verði fullgert og tilbúið til kynningar á fundinum 15. september.,

**Fjárhagsstaða karlknattspyrnunnar og þjálfaramál** - Fyrirliggjandi þjálfarasamningur var ekki samþykktur af stjórn og er framkvæmdastjóra falið að leita leiða til að endursejja innan fjárhagsramma deildarinnar.

**Umræða um útgjaldasamninga deildanna** - Stjórn Aftureldingar samþykkir að fela framkvæmdastjóra og gjaldkera stjórnar að taka upp alla útgjaldasamninga innan félagsins og endurskoða í ljósi efnahagsástandsins.

**Fundargerðir deilda** - Samkvæmt lögum félagsins skulu deildir halda fundargerðir og beinir stjórn Aftureldingar því til formanna deilda að gæta þess að fundargerðir séu ritaðar og þær sendar til skrifstofu félagsins eftir hvern fund.

**Beiðni frá sunddeild varðandi skilti og sjálfsala í Lágafellslaug** - Afturelding er með samning við bæinn um einkaleyfi á rekstri sjálfsala innan íþróttamannvirkja. Beiðni sunddeildar um að setja upp sjálfsala í Lágafelli var neitað með þeim rökum að sjálfsalinn væri samkeppni við sjoppuna á staðnum. Bent er á að á Varmá er bæði sjoppa á vegum bæjarins og sjálfsali á vegum Aftureldingar.

Formaður og framkvæmdastjóri taka málið upp við bæjaryfirvöld.

**Búningamál** - Ákveðið var á síðasta formannafundi að stofna nefnd sem hefði það hlutverk að kanna markaðinn og afla tilboða í félagsgalla og fleiri íþróttavörur ef aðilar vildu. Helga gjaldkeri sem sæti á í nefndinni fyrir hönd stjórnar félagsins upplýsir að send hafa verið bréf til 12 aðila þar sem óskað er tilboðs í galla og fleiri vörur ef vill. Þessi tilboð eiga að berast fyrir 3. september og þeim skal fylgja galli til skoðunar.

#### **Þakkir til fráfaraði framkvæmdastjóra**

Formaður þakkaði fráfaraði framkvæmdastjóra, Gyðu Helgadóttur, vel unnin störf í þágu Aftureldingar og óskaði henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Næsti fundur stjórnar verður miðvikudag 8. september **kl 17:15**

Fundi slitið kl 22:05

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar**